

Skot Productions ehf  
Mörkin 4  
108 Reykjavík

Reykjavík, 12. júlí 2024  
UST202407-132/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Haraldur Rúnar Bjarnason, dagsett 7. júlí 2024, um leyfi til kvikmyndatöku og drónaflugs innan náttúruvættana Hjálparfoss, Gjáin og Háifoss og Granni og friðlands að Fjallabaki.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. [auglýsing nr. 354/1979](#). Kvikmyndataka ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan friðlandsins og truflun af þeirra völdum gagnvart öðrum gestum skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs, umferðar eða upplifun annarra gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Óheimilt er að fljúga fjarstýrðum loftförum (dróna) innan friðlandsins á tímabilinu 15. júní - 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

Hjálparfoss, Gjáin og Háifoss og Granni eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 110/2020](#). Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs eða truflun umferðar um svæðið innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil í náttúruvættunum nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

### **Lýsing verkefnis:**

Innan Fjallabaks færi drónaflugið fram við Brennisteinsöldu, Strút við Jarðfallið, Ljótapoll, Hnausapoll og Rauðufossa. Myndað yrði með þyrllu við Grænahrygg, Jökulgil og Jökulgilskvísl. Í Þjórsárdal færi drónaflugið fram við Háafoss, Hjálparfoss og Gjáinna. Kort sem sýnir fyrirhuguð flugsvæði fylgdu með umsókninni ásamt upplýsingum um flughæð, lengd flugs og áætlaðan tíma dags. Tökur færu fram tvo daga á hverju tókusvæði, ein dag að sumri til og einn að vetri. Að verkefninu kæmu 3 starfsmenn á tveimur jeppum.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar svæðana. Drónaflugið er ekki talið hafa neikvæð áhrif á verndargildi innan náttúruvættana í Þjórsárdal og þar sem stefnt er að því að fljúga innan Fjallabaks. Stofnunin metur þó að drónaflugið geti haft neikvæð áhrif á upplifun annara gesta. Lágflug þyrllu við Grænahrygg, í Jökulgili og Jökulgilskvísl er talið geta haft neikvæð áhrif á upplifun annara gesta sem eru á svæðinu

og truflun fyrir dýralíf. Mat stofnunarinnar er að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins sé farið að skilyrðum leyfisins.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Skot Production ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan náttúruvættana Hjálparfoss, Gjáin og Háifoss og Granni og friðlands að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 25. maí 2026 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Við Grænagil skal einungis gengið á merktum leiðum og óheimilt að fara inn á lokuð svæði.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Ef leyfi fæst til lágflugs þyrlu við Grænahrygg, í Jökulgili og Jökulgilskvísl frá Samgöngustofu þá skal það fara fram þegar engir aðrir gestir á svæðinu.
- Óheimilt er að lenda þyrlu innan friðlands að Fjallabaki.
- Auglýsa þarf með skiltum yfirvofandi lágflug þyrlna í Jökulgili, bæði í Landmannalaugum og við upphaf gönguleiðar að Grænahrygg með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á

neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.

- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Samgöngustofu þarf fyrir lágflugi þyrlu innan Fjallabaks.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með verkefninu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Daníel Freyr Jónsson  
**svæðissérfræðingur**

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
**sérfræðingur**